

Alþingi
máli nr. P 128/292
komudagur 27.11.2002



SEMENTSVERKSMÍÐJAN

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 REYKJAVÍK

Mánabraut 20 300 Akranes
Sími: 430 5000
Bréfasími: 430 5001
Netfang: sement@sement.is
Veffang: www.sement.is

Akranesi, 25. nóvember 2002

Efni: Bréf efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 18. nóvember 2002.

Skv. framangreindu bréfi er óskað eftir umsögn Sementverksmiðjunnar hf varðandi þingsályktunartillögu um úttekt á verðmyndun á innfluttu sementi.

Sementsverksmiðjan hf lýsir yfir stuðningi við framangreinda tillögu.

Jafnframt leggur fyrirtækið til að hlutlausum aðila verði falið að taka saman helstu upplýsingar um verð og viðskiptahætti hjá sementsverksmiðjum í nálægum löndum, bæði að því er varðar sölu innan viðkomandi landa og vegna sölu til nálægra landa og annarra heimsálfa. Sementsverksmiðjan telur mikilvægt vegna mikillar umræðu um sementsverð að fyrir liggi nýjustu upplýsingar frá hlutlausum aðila um þau, einkum þar sem sementsverð hér á landi, yfirfært í erlenda mynt, hefur verið mjög óstuðugt vegna mikilla breytinga á gengi íslensku krónunnar undanfarin misseri og því auðvelt að halda á lofti samanburðarverðum sem hverjum og einum hentar.

Virðingarfyllt

SEMENTSVERKSMÍÐJAN HF



Gylfi Þórðarson